

Ávarp fjallkonu 2026  
e. Braga Valdimar Skúlason

i

Ég kem til þín uggandi, þrasgjarna þjóð.  
Við þurfum að ræða málin.  
Mér rennur til skyldunnar brennandi blóð.  
Það berst í mér hjartað — og sálin.  
Ég bind þessa hugsun í braglínukrans  
— betra að mun'ana svona —  
og býð þér að stíga í dulítinn dans  
djarfra og hugbjartra vona.

ii

Líttu í kringum þig, líttu' út á haf,  
á lognsæla dali og firði.  
Líttu á allt það sem landið þér gaf  
— hvert lífsmark er mikils virði.  
Allt sem er framundan — þetta ert þú.  
Þetta er líf þitt og yndi.  
Verkefnið okkar; að byggja hér brú  
og bjóða fram skjól fyrir vindi.

iii

Því saga og menning er ofin í orð  
sem okkur er falið að geyma.  
Það er auðvelt að missa það allt fyrir borð.  
Það er auðvelt að týna og gleyma.  
Ef samhengið hverfur er hugsunin grunn  
— hálfkveðin vísa í eyra.  
Fortíðin lagði þér fjársjóð í munn  
sem framtíð á skilið heyra.

iv

Ég finn fyrir depurð, ég finn ég er þreytt,  
ég finn fyrir smitandi kvíða.  
Mér þykir sannlega sjúklega leitt  
að sjá hvernig þér virðist líða.  
Skeytingarlítil og skapstór í senn,  
í skotgröfum dofin og klofin.

Það verður brekka að þrauka hér enn  
ef þjóðfélagssáttin er rofin.

v

Ég veit þú þarft einungis örlítið pepp  
— það er í þig töluvert spunnið.  
Og ef ég við þus þitt og þvermóðsku slepp,  
þá er til mikils unnið.  
Ég er ekki neitt ef ég á ekki þig  
og alla þína bresti.  
Því þegar ég sé þig þá sé ég mig  
— þann sannleika færð þú í nesti.

vi

Mundu svo, þegar loks sólin er sest  
og sigrar þig höfugur draumur;  
samtal um mannúð og mildi er best  
— en mundu að tíminn er naumur.  
Ég kveð þig að endingu, kúnstuga þjóð  
— kannski þú hrökkvir af doða.  
Vonandi fetar þú farsældar slóð  
og ferð þér nú ekki að voða.